



71. fundur.

22. október 2015 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Svartárvirkjun. Aðal- og deiliskipulag.
2. Vaglaskógur. Tillaga að deiliskipulagi.

1. Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal- og deiliskipulag.

S20150102

Tekið fyrir að nýju, en erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar 24. september s.l. Á þeim fundi var samþykkt að efna til almenns kynningarfundar þar sem deiliskipulagstillagan og tillaga að breytingu á aðalskipulagi yrðu kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um áður en tillögurnar yrðu teknar til umfjöllunar í sveitarstjórn. Kynningarfundur var haldinn í Kiðagili í Bárðardal 21. september s.l. Fulltrúar frá Verkís Verkfræðistofu kynntu tillögur að deiliskipulagi og tillögur að fyrirhuguðum virkjunarmannvirkjum og skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Á fundinum komu ekki fram neinar athugasemdir við skipulagstillögurnar eða fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir.

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 24. september s.l. óskaði nefndin eftir því við skipulagsráðgjafa að sett yrðu nánari ákvæði í deiliskipulagsskilmála um efnis- og litaval

fyrirhugaðra virkjunarmannvirkja með það fyrir augum að þau falli sem best að umhverfinu og lögð yrði áhersla á að öllu jarðraski utan framkvæmdasvæða yrði haldið í algjöru lágmarki. Nefndin óskaði einnig eftir því að nánari grein yrði gerð fyrir áhrifum virkjunarinnar á veiði og fiskigengd í Svartá.

Innkomin ný gögn 19. október 2015, tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi, þar sem komið hefur verið til móts við framangreindar óskir nefndarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi að öðru leyti en því að gerð er krafa um vöktun óháðs eftirlitsaðila á rennsli árinna og fiskigengd, og í framhaldi af því leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún samþykki að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa samhlíða tillögu að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, að lokinn athugun Skipulagsstofnunar, eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Vaglaskógur. Deiliskipulag.

S20150402

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. apríl frá Landslagi efh, Ómari Ívarssyni, skipulagsfræðingi, f.h. Skógræktar ríkisins þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi. Deiliskipulagið felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða á svæðunum ásamt því að staðsetja áningarbyggingu og mögulega þjónustubyggingu á svæðinu. Með umsókn fylgdi skipulagslýsing dags. 10. apríl 2015.

Sveitarstjórn heimilaði umsækjanda að vinna deiliskipulag á fundi sínum þann 30. apríl s.l. og deiliskipulagslýsing var kynnt Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og fyrir almenningi frá og með 7. maí til og með 28. maí 2015 eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Tekið er tillit til umsagna í vinnu við deiliskipulagið.

Innkomin ný gögn 15. október s.l. tillaga að deiliskipulagi ásamt greinargerð dags. 12. október 2015.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi að öðru leyti en því sem um var rætt á fundinum og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þegar orðið hefur verið við athugasemdum nefndarinnar.

Fundi slitið.